

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. mars 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-28/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 30. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Líta verður á kröfu álitsbeiðanda sem skaðabótakröfu.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 14. apríl sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 28. apríl. Með bréfi, dags. 5. maí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 18. maí. Með bréfi, dags. 21. maí, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og bárust þau hinn 5. júní. Með bréfi, dags. 5. júní, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera frekari athugasemdir og bárust þær hinn 23. júní. Með bréfi, dags. 23. júní, var seljanda gefinn kostur á enn frekari andsvörum og frestur til þess að skila þeim til 7. júlí. Með bréfi, dags. 10. október, óskaði kærunefndin eftir frekari gögnum frá álitsbeiðanda og bárust þau hinn 27. október. Hinn 15. ágúst voru gögn málsins send sérfræðingi í bifreiðamálum og skilaði hann áliti sínu hinn 15. janúar sl. að teknu tilliti til þeirra gagna sem bárust frá álitsbeiðanda hinn 27. október. Með bréfi, dags. 18. janúar var aðilum máls gefinn kostur á að gera athugasemdir við álit sérfræðingsins og frestur til þess til 28. janúar. Hinn 25. janúar og 15. febrúar bárust svör frá aðilum máls þar sem ekki komu fram nýjar upplýsingar eða athugasemdir. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 18. mars, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 30. september 2013 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 4.050.000. Var bifreiðin af gerðinni Benz ML 500, fyrst skráð hinn 23. júní 2006. Við kaupin var bifreiðin því 7 ára og 3 mánaða og hafði henni verið ekið 82.081 km eftir því sem fram kemur í kaupsamningi og afsali fyrir kaupunum. Segir seljandi að í ástandslýsingu seljanda hafi hvergi komið fram að bifreiðin hafi farið í skoðun hjá umboðsverkstæði vegna gruns um ryðmyndun. Sú skoðun muni hins vegar hafa farið fram árið 2010 og í kjölfarið hafi framleiðandi skipt um afturhurðir bifreiðarinnar á eigin kostnað. Hinn 17. september 2012 hafi seljandi farið aftur með bifreiðina í skoðun hjá umboði. Þá hafi komið í ljós ryð á báðum framhurðum, vélarloki og afturhlera og í framhaldinu hafi framleiðandi borist til að bera 70% kostnaðar við lagfæringu. Viðgerð hafi hins vegar aldrei farið fram. Segist álitsbeiðandi ekki sætta sig við að seljandi hafi leynt sig þessum upplýsingum við söluna og að um hafi verið að ræða galla sem ekki var greinilegur við hefðbundna ástandsskoðun. Því telur álitsbeiðandi að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem geti verið umtalsvert. Fer álitsbeiðandi fram á fullar bætur vegna þessa.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kaupsamningi og afsali, ferli ökutækisins úr Ökutækjaskrá, sem og afrit af samskiptum álitsbeiðanda við umboðsverkstæði í sambandi við skoðanir á ryði í bifreiðinni.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að þar sem liðin eru nærri þrjú ár frá því umrædd bifreið hafi farið í skoðun hjá umboði í júlí 2012 og muni seljandi ekki í smáatriðum hvernig skoðunin fór fram og því muni hann styðjast við þau skriflegu samskipti sem hann hafi undir höndum, sem og við samtöl, líkt og hann muni eftir þeim. Segir seljandi að um hafi verið að ræða þjónustuskoðun sem hann hafi reglulega farið með bifreiðina í til að halda henni í sem bestu ástandi. Í skoðuninni hafi farið fram forskoðun þar sem skoðunarmaðurinn hafi m.a. skoðað viðkvæma og þekktu fleti fyrir ryði. Athugasemdir vegna ryðsins hafi hins vegar ekki borist seljanda fyrr en nokkrum mánuðum síðar, en þá hafi honum boðist að láta skipta um eða lagfæra umrædda staði í bifreiðinni. Telur seljandi þannig að álitsbeiðandi fari með rangt mál þegar hann segi að ákveðið hafi verið að laga umrædd atriði og eins fari starfsmaður umboðsins með rangt mál í bréfi sínu um að seljanda hafi verið bent á að mat umboðsins væri að skipta þyrfti um tiltekna hluti í yfirbyggingu bifreiðarinnar. Segir seljandi jafnframt að í sama bréfi komi ekki fram hvað hafi fundist að á umræddum stöðum í bifreiðinni. Segist álitsbeiðandi á þessum tímapunkti fyrst hafa heyrt um að ryð væri farið að myndast í bifreiðinni, en þá hafi nokkrir mánuðir verið liðnir frá skoðun umboðsins og seljandi sjálfur verið fluttur erlendis.

Seljandi fullyrðir næst að aftur sé farið með rangt mál í bréfi frá starfsmanni umboðsins sem álitsbeiðandi vísi til, sem og í viðgerðarsögu bifreiðarinnar, þ.e. að seljandi hafi ekki haft samband aftur við umboðið. Segir seljandi að hið rétta sé að bæði hann og umboðsmaður hans hafi talað við starfsmann seljanda símléiðis, en starfsmaður seljanda hafi slitið símtalinu af ásetningi. Í framhaldinu, þ.e. hinn 16. október 2012, segist seljandi hafa sent bréf til framleiðanda þar sem álitsbeiðandi fór fram á að viðgerð á bifreiðinni vegna ryðs yrði greidd að fullu af framleiðanda. Framleiðandi hafi svarað því bréfi hinn 30. nóvember, þar sem fram komi að umrætt ryð sé óumflýjanlegt við notkun bifreiðarinnar og ennfremur hafi komið fram í bréfinu að framleiðandi hafi farið yfir málið með umboði og komist að þeirri niðurstöðu, útfrá aldri og akstri bifreiðarinnar, að umrætt ryð væri ekki óvenjulegt og því gæti framleiðandi ekki tekið á sig allan kostnað af viðgerð. Segir seljandi rétt að taka fram að á þessum tímapunkti hafi bifreiðin verið komin á sjöunda ár og að ábyrgð framleiðanda á ryði gildi aðeins í 24 mánuði. Rekur seljandi og að í lok bréfs framleiðanda komi fram að framleiðandi telji málinu þar með lokið.

Segir seljandi að útfrá framangreindu megi draga þá ályktun að umrætt ryð sé hluti af eðlilegu sliti bifreiðarinnar, sé tekið tillit til aldurs hennar og aksturs. Segist seljandi einnig hafa sett sig í samband við óháða fag- og áhugamenn á sviði bifreiðamála og hafi þeir tekið undir mat framleiðanda. Byggt á þessu telur seljandi að hann hafi ekki þurft að nefna þessa hluti sérstaklega við sölu á bifreiðinni, þar sem ekki hafi verið um óeðlilegt slit að ræða. Bendir seljandi á að álitsbeiðandi hafi borið að kynna sér ástand og sögu bifreiðarinnar fyrir kaupin. Telur seljandi að staðsetning á ryði í yfirbyggingu bifreiðarinnar hefði átt að koma í ljós við ástandsskoðun viðurkennds aðila, en ekki hafi komið fram hvort slík skoðun hafi verið gerð fyrir kaupin.

Seljandi rekur næst að álitsbeiðandi fullyrði í álitsbeiðni sinni að sér hafi verið meinaður aðgangur að þjónustusögu bifreiðarinnar fyrir kaupin. Segist seljandi aldrei hafa áður heyrt um slíkt, þ.e. að kaupendum sé meinaður aðgangur að þjónustusögu við kaup á bifreið. Segist seljandi því vilja sjá sönnun á þeirri fullyrðingu og að álitsbeiðandi hafi raunverulega farið fram á aðgang að téðu upplýsingum. Sé fullyrðingin rétt krefst seljandi þess að álitsbeiðandi útskýri hvers vegna ekki var haft samband við sig til að heimila aðgang að upplýsingunum.

Rekur seljandi og að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið langt undir því sem svipaðar bifreiðar voru seldar fyrir á sama tíma. Kaupverðið sé enn fremur lágt miðað við sambærilegar bifreiðar, 20 mánuðum eftir kaupin. Þá bendir seljandi á að krafa álitsbeiðanda innihaldi enga nákvæma fjárhæð og því þykir seljanda álitsbeiðandi fara fram á óútfylltan tékka af sinni hálfu til að lagfæra ryð á 9 ára gamalli bifreið.

Ítrekar seljandi að lokum að umrædd bifreið hafi verið með verksmiðjuábyrgð gegn ryði í 24 mánuði og því teljist það sem eðlilegt slit, sé ryð farið að myndast í bifreiðinni á þeim aldri sem hún var við sölu og að það hafi einnig verið mat framleiðanda og umboðs. Því telur seljandi að hann hafi í engu brotið skyldur sínar við sölu bifreiðina og því hafni hann kröfum álitsbeiðanda. Segir seljandi að sé þess óskað, geti hann afhent afrit af bréfaskriftum sínum við framleiðanda og umboðsverkstæði.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi telur að seljandi skauti framhjá þeirri staðreynd að umrædd bifreið fór í viðgerð hjá umboðsverkstæði vegna ryðs í báðum afturhurðum hinn 11. október 2010, en þá hafi bifreiðinni aðeins verið ekið um 54.000 km. Umrædda viðgerð hafi seljandi fengið bættu að fullu úr hendi framleiðanda og það 2 árum eftir að 24 mánaða verksmiðjuábyrgð rann út. Bendir álitsbeiðandi og á að seljandi hafi sótt fast á framleiðanda að fá síðari viðgerð vegna ryðs bættu að fullu, en þar sem bifreiðin hafi ekki verið þjónustuð til samræmis við kröfur framleiðanda hafi framleiðandi aðeins viljað greiða 70% af þeirri viðgerð. Á þeim tímapunkti var bifreiðin um 6 ára og 4 ár liðin frá því 24 mánaða ryðábyrgð verksmiðju rann út. Segir álitsbeiðandi að samkvæmt upplýsingum frá umboðsverkstæði taki við svokallað „goodwill“ tímabil eftir að 24 mánaða ryðábyrgð er liðin, og gildi „goodwill“ tímabilið í 8 ár til viðbótar, þ.e. þar til bifreiðin er 10 ára gömul. Segist álitsbeiðandi því ekki skilja hvernig seljandi fái það út að framleiðandi telji ryðið í bifreiðinni eðlilegt. Bendir álitsbeiðandi og á að seljandi hafi vítað um allt framangreint, en engu að síður kosið að taka það ekki fram í ástandslýsingu á bifreiðinni við sölu hennar. Segist álitsbeiðandi hafa sett sig í samband við fyrirtæki sem sérhæfir sig í söluskoðanir bifreiða. Starfsmaður þess fyrirtækis hafi talið mjög ólíklegt að við s líka skoðun hefði komið í ljós ryð undir saumum, þar sem það væri ekki sérstaklega kannað söluskoðanir almennt. Telur álitsbeiðandi að ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en hann mátti búast við og að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna þess.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi telur nauðsynlegt að álitsbeiðandi leggi fram gögn sem styðji frásögn hans um að honum hafi verið neitað um aðgang að gögnum um hina seldu bifreið fyrir kaupin. Rekur seljandi og að hann geti ekki svarað fyrir það af hverju framleiðandi greiddi að fullu fyrir viðgerð á bifreiðinni árið 2010, en bauð aðeins 70% af kostnaði árið 2012. Viðhaldi bifreiðarinnar hafi einungis verið sinnt af umboði meðan seljandi átti bifreiðina, eða verkstæðum viðurkenndum af umboðinu. Bendir seljandi á, samhengisins vegna, að munur sé á ábyrgð framleiðanda annars vegar og svokallaðrar velvildar (e. Goodwill) framleiðanda hins vegar. Umrædd bifreið hafi aðeins verið í ábyrgð í 24 mánuði og sú ábyrgð hafi ekki náð fram til júní 2014, líkt og álitsbeiðandi virðist vera að halda fram. Ítrekar seljandi að bifreiðin hafi ekki verið ný þegar álitsbeiðandi keypti hana. Þá ítrekar seljandi að umboðsverkstæðið hafi ekki talið að nauðsynlegt væri að gera við bifreiðina haustið 2012. Eins bendir seljandi á að bifreiðin hafi verið seld á fremur lágu verði m.v. gangverð sambærilegra bifreiða.

Meðfylgjandi frekari andsvörum seljanda er afrit af bréfi framleiðanda til seljanda, dags. 30 nóvember 2012, afrit af bréfi umboðsverkstæðis til seljanda, dags. 4. október 2012, sem og upplýsingar um gangverð á bifreiðum af sömu gerð og deilt er um í málinu.

VII

Frekari athugasemdir álitsbeiðanda

Í frekari athugasemdum álitsbeiðanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi telur það rangt hjá seljanda að ryð í bifreiðinni hefði komið fram við ástandsskoðun. Bendir álitsbeiðandi á að hann hafi farið með bifreiðina í ástandsskoðun hinn 18. júní sl., tæpum tveimur árum eftir kaupin, en ryðið hafi engu að síður ekki komið í ljós við skoðunina. Þá hafnar álitsbeiðandi þeim fullyrðingum seljanda að álitsbeiðandi hafi vitað af ryðinu þegar farið var með bifreiðina í tölvuaflestur hinn 30. september 2013, þ.e. sama dag og gengið var frá kaupum á bifreiðinni. Ástæður fyrir tölvuaflestrinum hafi verið allt aðrar, þ.e. vegna þess að „SRS“ ljós logaði í mælaborði. Meðfylgjandi frekari athugasemdum álitsbeiðanda er bréf frá starfsmanni ábyrgðardeildar bifreiðaumboðs, dags. 22. júní 2015 og afrit af kostnaðaráætlun vegna viðgerðar á bifreiðinni að fjárhæð kr. 1.854.824.

VIII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 30. september 2013 fyrir kr. 4.050.000. Bifreiðin er árgerð 2006 og fyrsti skráningardagur hennar 23. júní 2006. Bifreiðin var því rúmlega 7 ára og 3 mánaða á kaupdegi og hafði verið ekið 82.081 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 30. september 2013 segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin

c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a-lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Ekkert liggur fyrir um það í málinu hvort álitsbeiðandi hafi látið söluskoða bifreiðina fyrir kaupin. Nefndin telur hins vegar að fallast megi á það með álitsbeiðanda að umræddar ryðskemmdir hefðu að öllum líkindum ekki komið fram við þá skoðun.

Sem fyrr greinir leitaði kærunefndin eftir álitni bifvélavirkja í málinu. Í álitni bifvélavirkjans, dags. 15. janúar sl. segir m.a.:

„Álit mitt í þessu máli er það að við skoðun umboðsverkstæðis á bifreiðinni í október 2010 hafi komið í ljós ryðmyndun/tæring væri í allri yfirbyggingu bifreiðarinnar og að þá hafi tæringin fyrst komið fram í afturhurðum bifreiðarinnar.

Ég tel það líklegt að yfirbygging bifreiðarinnar sé öll framleidd úr sama málminum, hún sé öll varin gegn tæringu með ýmsum aðferðum og sé öll máluð með sömu málningarefnunum til þess að verja hana gegn tæringu. Ég tel því að ryðmundunin hafi verið byrjuð í allri yfirbyggingu bifreiðarinnar fyrir fyrri skoðun umboðsaðila framleiðanda. Við þá skoðun, hinn 11. október 2010, hafi komið fram að tæringin væri byrjuð í yfirbyggingu bifreiðarinnar og komið út og verið það áberandi að þáverandi eigandi bifreiðarinnar, seljandi í málinu, kvartaði yfir því. Þá var bifreiðin 4 ára, 3 mánaða og 18 daga gömul.

Ég get ekki annað en séð það í hendi mér úr gögnum málsins að sú viðurkenning hjá framleiðanda bifreiðarinnar (Daimler) að bifreiðin með framleiðslunúmerinu: WDC1641751A121812 hafi verið haldin þessum galla og viljað bæta gallann að fullu. En framleiðandinn hafi takmarkað tjón sitt við það sem væri sjáanlegt þ.e.a.s. afturhurðir.

Í seinni skoðun umboðsmanns framleiðanda á bifreiðinni, dags. 27. október 2012, kemur síðan fram og sannast að mínu mati að yfirbygging bifreiðarinnar hafi verið haldin framleiðslugalla og að framleiðandi væri tilbúinn til að taka á sig verulegan hluta af kostnaði við lagfæringu á yfirbyggingunni.“

Mál þetta snýr í raun fyrst og fremst að því hvort b-liður 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup eigi við í málinu, hvað varðar upplýsingagjöf seljanda til áltsbeiðanda fyrir kaupin um ryð í yfirbyggingu bifreiðarinnar, en liðurinn er rakinn hér að framan. Skilyrði þess að ákvæðið eigi við eru tvíþætt: Annars vegar að áltsbeiðandi hafi mátt ætla að hann fengi upplýsingar um að ryð væri að finna í yfirbyggingu bifreiðarinnar og að seljandi hefði hafnað þeim möguleika að láta skipta um hina ryðguðu íhluti gegn greiðslu 30% af kostnaði við viðgerðina. Hins vegar þarf vanræksla seljanda við að veita upplýsingarnar að vera til þess fallin að hafa áhrif á kaupin. Hvort tveggja þarf síðan að meta í hverju tilviki fyrir sig. Að mati kærunefndarinnar verður það seint talið óeðlilegt í sjálfu sér að ryð finnist í rúmlega 7 ára gamalli bifreið, hins vegar geta ryðskemmdir verið afar misjafnar og virðist framleiðandi bifreiðarinnar hafa metið það sem svo að hann myndi taka þátt í verulegum kostnaði við að skipta um hina ryðguðu hluti, þrátt fyrir að öll skylda hans til þess væri liðin. Telur nefndin því rétt að fallast á það með áltsbeiðanda að upplýsingar um

ryðmyndun í yfirbyggingu bifreiðarinnar hefðu átt að koma fram við kaupin. Verður því að fallast á það með álitsbeiðanda að bifreiðin hafi verið haldin galla í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða geti neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Kröfu álitsbeiðanda í þessu máli verður að líta á sem skaðabótakröfu skv. 33. gr. laganna, en álitsbeiðandi hefur krafist þess að seljandi greiði sér kostnað vegna útskiptingar og viðgerða á hluta af yfirbyggingu bifreiðarinnar. Fyrir liggur kostnaðaráætlun vegna þeirra viðgerða og hljóðar áætlunin upp á kr. 1.854.824. Þegar litið er til þess að kaupverð bifreiðarinnar var nokkuð undir gangverði sambærilegra bifreiða, að bifreiðin var rúmlega 7 ára og ekin 82.081 km þegar kaupin fóru fram og að álitsbeiðandi mátti búast við því að ytra byrði bifreiðarinnar þyrfti eitthvað viðhald fyrir eða síðar, auk þess sem litið er til þess að nýtt kemur í stað gamals, telur kærunefndin bætur hæfilega metnar kr. 800.000.

IX

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 800.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir